

**Ársfundur Austurbrúar 2019 í samræmi við 7. gr. skipulagsskrár haldinn í Valaskjálfi, Fljótsdalshéraði, þriðjudaginn 7. maí 2019 kl. 13:00.**

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Afgreiðsla ársreikninga
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar
  - A. Kjör endurskoðenda
  - B. Kjör starfsháttanefndar
  - C. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagraðs
- 8) Önnur mál

**Einar Már Sigurðarson**, framkvæmdastjóri Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna og ræddi stuttlega um breytt aðalfundarform í samræmi við breytingar á skipulagsskrá Austurbrúar.

Hann lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og **Sigríður Lára Sigurjónsdóttir** fundarritari og var það samþykkt. Alls voru um 40 fundargestir, þar af 14 atkvæðisbærir fulltrúar<sup>1</sup>. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar og á vef Austurfréttar auk þess sem auglýsing var birt á Facebook, heimasíðu Austurbrúar, Austurfrétt og fleiri stöðum. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

**Liður 1**

**Einar Már Sigurðarson**, formaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar.

---

<sup>1</sup> Athuga: Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: Bandalag íslenskra listamanna, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Háskólinn á Akureyri, Hótel Eskifjörður, Launafl, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur, 701 Hotels.

Skýrsla Austurbrúar 2018 lá fyrir á fundinum. Haldnir voru 11 stjórnarfundir. Farið var yfir hvernig stjórn Austurbrúar er skipuð og breytingar samkvæmt nýrri skipulagsskrá. Nú situr stjórn SSA öll í stjórn Austurbrúar auk tveggja aðila. Samlegðaráhrif verða að þessu og ekki þarf að fjalla tvisvar um sömu mál, eins og stundum var. Áherslur stjórnar hafa verið þær sömu og fyrr, að tryggja verkefni og fjármagn eftir ýmsum leiðum. Samningar hafa verið til skamms tíma og um margt þarf að semja á hverju ári. Samningar um ýmis verkefni þyrfti að vera til 3 – 5 ára. Góður árangur hefur þó náðst í að þoka þessu fyrirkomulagið til betri vegar.

Fjárhagsstaða Austurbrúar hefur gjörbreyst á undanförunum árum. Verið er að sinna fleiri verkefnum og betur en áður. Formaður lagði áherslu á jákvæð áhrif samþættingar SSA og Austurbrúar.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar.

## Liður 2

Næst á dagskrá var kynning ársreikninga, **Magnús Jónsson** frá KPMG fór yfir þá.

Áréttað að Austurbrú beri ábyrgð á sínum skuldbindingum.

Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Áritun KPMG er fyrirvaralaus. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 16,5 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um 18,9 milljón króna. Heildarskuldir í árslok námu samtals 149,2 milljónum króna, þar af eru 146,3 milljónir til greiðslu á árinu 2019. Veltufé frá rekstri er jákvætt sem nemur 21,8 milljónum króna. Heildareignir 163 milljónir, mest skammtímaeignir.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.



## Rekstrarreikningur ársins 2018

|   | Skýr.     | 2018                     | 2017                     |
|---|-----------|--------------------------|--------------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>  |           |                          |                          |
| Fremlog .....   | 4         | 174.853.020              | 168.989.360              |
| Aðrar tekjur .....  | 4         | 203.647.947              | 197.476.111              |
|   |           | <u>378.500.967</u>       | <u>366.465.471</u>       |
| <b>Rekstrargjöld:</b>   |           |                          |                          |
| Laun og launatengd gjöld .....                                  | 5         | 214.240.978              | 184.289.241              |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                   |           | 144.292.141              | 133.091.383              |
|   |           | <u>368.533.119</u>       | <u>317.380.624</u>       |
| Rekstramiðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda ..... |           | 10.967.848               | 30.084.847               |
| Afskrifur .....   | 3.7       | ( 5.250.411)             | ( 2.989.652)             |
| Rekstramiðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....     |           | 14.717.437               | 36.095.206               |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....                   | 6         | 1.767.431                | 19.426                   |
| <b>Rekstramiðurstaða ársins .....</b>                           | <b>10</b> | <b><u>16.474.868</u></b> | <b><u>36.114.721</u></b> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

|  | Skýr. | 2018               | 2017               |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Festafjármunir:</b>                             |       |                    |                    |
| Varanlegir reikstrafjármunir:                      |       |                    |                    |
| Skrifstofubúnaður .....                            |       | 6.200.067          | 3.864.894          |
| Bifreiðar .....                                    |       | 3.461.600          | 4.298.100          |
|  | 3,7   | <u>8.741.667</u>   | <u>8.162.994</u>   |
| Áhættufjármunir og langtímaskuldir:                |       |                    |                    |
| Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög ..... | 8     | 340.000            | 340.000            |
|  |       | <u>340.000</u>     | <u>340.000</u>     |
|  |       | <b>9.081.667</b>   | <b>8.502.994</b>   |
| <b>Veltufjármunir:</b>                             |       |                    |                    |
| Skammtímaskuldir:                                  |       |                    |                    |
| Víðskiptaskuldir .....                             | 3f    | 27.039.339         | 36.043.617         |
| Fyrirfram innheimtur kostnaður .....               |       | 0                  | 39.710             |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                       |       | 822.864            | 1.066.302          |
| Handbært fé .....                                  | 3h    | 131.199.180        | 90.636.630         |
|  |       | <u>169.061.373</u> | <u>126.776.169</u> |
|  |       | <b>168.143.040</b> | <b>136.278.163</b> |
| <b>Eigið fé:</b>                                   |       |                    |                    |
| Stofnfé .....                                      |       | 1.600.000          | 1.600.000          |
| Óráðstafað eigið fé .....                          |       | 17.310.137         | 836.269            |
|  | 10    | <u>18.910.137</u>  | <u>2.436.269</u>   |
| <b>Skuldbindingar:</b>                             |       |                    |                    |
| Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands ..... |       | 3.903.096          | 3.903.096          |
| <b>Langtímaskuldir:</b>                            |       |                    |                    |
| Skuldbrefalán .....                                |       | 0                  | 8.313.642          |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>                           |       |                    |                    |
| Víðskiptaskuldir .....                             |       | 28.810.011         | 29.041.966         |
| Næsta ára afborganir langtímaskulda .....          |       | 0                  | 9.168.762          |
| Fyrirframinnheimtar tekjur vegna varkefna .....    |       | 67.723.864         | 37.082.196         |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                       |       | 48.796.943         | 46.333.323         |
|  |       | <u>146.329.808</u> | <u>120.626.247</u> |
|  |       | <b>149.232.903</b> | <b>132.842.884</b> |
|  |       | <b>168.143.040</b> | <b>136.278.163</b> |

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

|  | Skýr. | 2018          | 2017          |
|--|-------|---------------|---------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                             |       |               |               |
| Rekstrarnúðurstæða ársins .....                        | 10    | 16.474.868    | 36.114.721    |
| Rekstrarfóðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:       |       |               |               |
| Afskriftir .....                                       | 7     | 6.260.411     | 2.989.662     |
| Verðbætur og gengismunur skulda .....                  |       | 43.071        | 36.490        |
| Veltufe frá rekstri .....                              |       | 21.768.360    | 39.140.763    |
| <b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b> |       |               |               |
| Skammtimekröfur, lækkun (hækkun) .....                 |       | 8.276.436 (   | 4.946.418)    |
| Skammtimaskuldir, lækkun .....                         |       | 33.872.323    | 32.016.148    |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....   |       | 42.148.769    | 27.070.730    |
| Handbært fé frá rekstri .....                          |       | 63.917.109    | 66.211.493    |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>                        |       |               |               |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....             | 7     | ( 6.829.084)  | ( 3.734.197)  |
| Fjárfestingarhreyfingar .....                          |       | ( 6.829.084)  | ( 3.734.197)  |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>                         |       |               |               |
| Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting .....     | 11    | 0 (           | 1.600.000)    |
| Afborganir langtímalána .....                          |       | ( 17.626.376) | ( 9.082.427)  |
| Fjármögnunarhreyfingar .....                           |       | ( 17.626.376) | ( 10.682.427) |
| <b>Hækkun á handbæru fé .....</b>                      |       | 40.662.660    | 61.894.869    |
| <b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>                 |       | 90.636.630    | 38.741.661    |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                      |       | 131.199.180   | 90.636.630    |

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um ársreikning.

Enginn tók til máls um ársreikninginn og skýrslu stjórnar og var ársreikningurinn því borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningurinn var samþykktur mótatkvæðalaust.

### Liður 3

JÁÞ fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2019 og kom inn á þá þætti frá 2018 sem tengdust henni. Tekjur stofnunarinnar á árinu voru um 416,5 milljónir. Um helmingur þeirra kemur beint eða óbeint frá ríkinu. Aukning á milli ára tengist nýjum verkefnum, til dæmis er starfsmaður háskólasetsurs (HáAust) og Strætisvagna Austurlands nú vistaðir hjá stofnuninni. Á árinu 2019 koma einnig inn ýmis verkefni og styrkir, m.a. samstarfs- og Norðurlandastyrkir sem verið er að vinna í. Stór hluti af kostnaði Austurbrúar eru laun og launatengd gjöld. Fræðslustarf er að nokkru leyti unnið



verktöku, eins og til dæmis íslenskukennsla. Í yfirliti yfir beinan kostnað eru verktakagreiðslur teknar með. Kennsla og ýmis sérfræðikostnaður, kynningarstarfsemi og þjónusta. Launakostnaður fyrir 2019 verður um 2/3 af tekjum stofnunarinnar sem er eðlilegt þar sem ýmis þjónusta sem stofnunin veitir er tímafrek. Gert er ráð fyrir að 26 manns starfi hjá stofnuninni á árinu.

Prófaumsýsla er stór hluti starfseminnar sem og verkefni tengd símenntun. Önnur verkefni tengjast fyrst og fremst Sóknaráætlun, nýsköpun og SSA. Fræðslumál eru um helmingur starfseminnar, sem er óbreytt frá fyrri árum. Fjárhagsáætlun var afgreidd með um hálftrar milljónar afgangi, sem er tæpara en menn hefðu viljað. Mikil vinna fer í símenntunarmál en fjármagnið sem er eyrnamerkt þessum hluta stendur ekki undir kostnaði. Til að mæta þessu hefur að fær fjármagn á milli verkefna innan fræðslumála. Í síðustu viku bárust fréttir um að til stæði að búa til reiknireglu um símenntun þar sem við fyrstu sýn er óljóst hvernig Austurland myndi koma út. Á árinu 2019 hefur verið horft til þess að reyna að fá lengri samninga um verkefni sem við erum að sinna. Erfitt er að reka stofnun þar sem samningar renna út um hver áramót. Samningar sem snúa að Menntamálaráðuneyti eru stundum ekki undirritaðir fyrr en á miðju tímabili. Einnig er þörf á að koma því sem við Austurbrú er að vinna að á framfæri í opinberri umræðu. Rannsóknir og upplýsingar sem verið er að safna þarf að ræða á opinberum vettvangi til að þær geri sitt gagn. Í gær var til dæmis haldin ráðstefna um mál flugvallarins á Egilsstöðum. Virkja þarf umræðuna til þess að starfið virki hafi sem mest áhrif út í umhverfið. Eins og starfs- og fjárhagsáætlun ber með sér er ekki útlit fyrir kúvendingar í verkefnum Austurbrúar. En útlit er fyrir að verkefnagrunnur fari stækkandi.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun.

Enginn kvaddi sér hljóðs.



**Liður 4-5**

Fundarstjóri kynnti að ekki lægju fyrir fundinum neinar breytingar á skipulagsskrá eða innri reglum Austurbrúar.

**Liður 6 A**

**Kjör endurskoðanda**

Tillaga fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses þann 7. maí 2019

Stjórn Austurbrúar leggur til að KPMG verði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses fyrir árið 2019.

Samþykkt hjá stjórn Austurbrúar 29. apríl 2019.

Samþykkt samhljóða.

**6 B og C**

Formaður starfsháttanefndar kom og kynnti tillögur starfsháttanefndar.





**Tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar ses. um nefndakjör  
fyrir ársfund 2019 sem haldinn verður 7. maí 2019**

**KJÖR Í STARFSHÁTTANEFND**

Tillaga um fulltrúa í starfsháttanefnd Austurbrúar ses.:

- **Ásdís Helga Bjarnadóttir**, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun
- **Skúli Björn Gunnarsson**, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
- **Jón Björn Hákonarson**, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

**KJÖR Í SIÐANEFND**

Tillaga um fulltrúa í siðanefnd Austurbrúar ses.:

- **Aðalheiður Árnadóttir** lögfræðingur
- **Gunnlaugur Sverrisson** viðskiptafræðingur
- **Sigríður Rún Tryggvadóttir** guðfræðingur

Tillögur bornar undir atkvæði  
Samþykktar samhljóða

**Liður 7**

Skúli Björn Gunnarsson kynnti svohljóðandi tillögu starfsháttanefndar.





## Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 7. maí 2019

Starfsháttanefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði kr. 23.870 fyrir stjórnarmann og kr. 47.740 fyrir formann stjórnar. Er um óbreytta þóknun frá fyrra ári að ræða.

Starfsháttanefnd Austurbrúar leggur einnig til að þóknun fyrir setu í fagráði fyrir setna fundi verði kr. 16.518 fyrir nefndarmann.

Samþykkt hjá starfsháttanefnd Austurbrúar 6.maí 2019

Skúli Björn: Nýtt í tillögunni er að lögð er til þóknun fyrir setu í fagráði. Hann tók þó fram að á fundi SSA hefði verið samþykkt tillaga um endurskoðun þóknana fyrir nefndasetu almennt.

Tillögur bornar undir atkvæði – samþykktar samhljóða

### Liður 8

*Önnur mál.*

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál.  
Enginn kvað sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Að því búnu óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarstjóri og fundarritari myndu ganga frá fundargerð sem samþykkt var samhljóða.

Fundi var slitið kl. 13.45.



